

Svar

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Árna Þórs Sigurðssonar um ráðningar starfsmanna.

1. *Hversu margir starfsmenn hafa verið ráðnir til starfa, annarra en afleysinga, í ráðuneytinu án þess að starfið væri auglýst árin 2007–2011, sundurliðað eftir árum?*

Sameinað ráðuneyti sjávarútvegs- og landbúnaðarmála tók til starfa 1. janúar 2008 og miðast svarið við þá dagsetningu:

2008: Tveir starfsmenn ráðnir, annar var ráðinn í tímabundin verkefni og hefur látið af störfum, hinn var fyrst ráðinn tímabundð, síðan ótímabundið.

2009: Einn starfsmaður ráðinn, hefur látið af störfum.

2010: Einn starfsmaður ráðinn í tvo mánuði, hefur látið af störfum.

2011: Einn starfsmaður ráðinn, fyrst til afleysinga í fæðingarorlofi og síðan fastráðninn.

2. *Hversu margir þessara starfsmanna eru nú starfandi í ráðuneytinu?*

Tveir starfsmenn eru nú starfandi í ráðuneytinu.